

Kvennaskuggsjá barnanna (grein í Degi 12. júní 1998)

Það er nánast óumdeilt, að góður aðbúnaður í bernsku sé börnum hollt vegarnesti á lífsleiðinni. En hins vegar gætir ágreinings meðal lærðra og leikra um, hvað í góðum aðbúnaði felst. Fátt er þó barni mikilvægara á lífsgöngunni, en að sú mynd, sem birtist því í skuggsjá uppalanda þeirra, sé skýr og endurspegli sigurvissu og öryggi um eigið ágæti. Þá er hollur heimafenginn baggi.

Sigmundur Freud, sem af flestum er talinn upphafsmaður sálkönnunarinnar, ku eitt sin hafa sagt, að sá drengur, sem notið hefur aðdáunar og umhyggju móður sinnar, muni aldrei síðar á lífsleiðinni efast um karlmannlegt ágæti sitt. Vísa menn rennir í grun, að hér tali Sigmundur af eigin reynslu. Það fylgir þó ekki sögunni, að snáðinn bjó einnig við ástriki og leiðsögn föður síns í bernsku.

Sum okkar, sem viljum hafa vit á, teljum, að sérhverju barni sé nauðsyn að eiga nán foreldri af báðum kynjum, svo að það geti dregið dóm af. (Allavega meðan við enn viljum gera greinarmun á körlum og konum.) Sál okkar er ofin bæði kvenlegum og karllegum þráðum. Í upphafi gelgjuskeiðs varðar geysimiklu hinn unga einstakling, hvort vel hafi til tekist að skapa honum kynímynd og kynsamsemd, þ.e.a.s. að hann hafi öðlast vissu um kynferði sitt. Það er raun að þekkja ekki sjálfan sig að þessu leyti, en eiga þó samt að finna sér leið í lífinu. Sjálfsvíg, afrot, hegðunartruflanir (stundum svokallaður misþroski), átvandkvæði, fikniefnaneysla og depurð, eru meðal teikna um, að pottur sé brotinn.

Væntanlega er það nú orðið alkunna, að upplausn fjölskyldna hefur aukist umtalsvert síðustu áratugi. Venjulega lyktar þeirri upplausn þannig, að samband barna við föður sinn minnkar eða jafnvel slitnar, þar sem yfirgnæfandi hluti þeirra býr áfram í móðurranni. Síðustu áratugi hefur í nokkrum mæli verið rannsakað, hver séu áhrif „föðurleysis“ á börn og þó sér í lagi á drengi. Hvorki er efnið rannsakað til hlítar, né eru niðurstöður óyggjandi. Þó virðist bera að sama brunni. Fjarlægð föður, hvort heldur sem er óeiginleg eða eiginleg, getur verið býsna afdrifarík fyrir þroska og heilbrigði barna. Norskar rannsóknir á sjómannsönnum benda til, að þeim hætti til að ruglast öðrum drengjum fremur í ríminu um kynímynd sína og kynhlutverk. Skoðanir á íslenskum fönngum karlkyns (en það eru þeir langflestir) á áttunda áratugnum gáfu til kynna meinsemdir í tengslum við föður í bernsku. Bandarískar rannsóknir sýna, að langflestir þeirra ungu karlmanna, sem bíða fullnustu dauðadóms, hafa enga átt föðurfyrirmynd eða hana ófullnægjandi. Athuganir á stúlkubörnum, er basla með ýmis konar átvanda, sýna, að fjarlægð föður á viðkvæmstu mótunarárunum geti að einhverju leyti skýrt vandræði þeirra. Andstætt því, sem oft er talið, gefa rannsóknir vísbendingar um, að stúlkur eig jafnvel erfiðara uppdráttar en drengir í sambúð við stjúpa eða fósturföður við „föðurmissi“ í kjölfar fjölskylduupplausnar. Færa má rök fyrir því, að stúlkubörn, sem ekki njóta góðra samvista við föður sinn, séu giska fákunnandi í samskiptum við hitt kynið. Í ákveðnum tilvikum gerast þær ósparar á blíðu sína í örvæntingarfullri leit að umhyggju karlmanns (les föður). Það eru sorgarsögur.

Það er ekki síður sorglegt, þegar ólánsamir piltar sjá ekki annan kost betri í sambúð með móðurinni, en að afneita kyni sínu til að hlífa sjálfum sér við karl- eða föðurhatri hennar. Kynsamsemdin, þ.e. vissan um eigið kynferði, ruglast, og kynímyndin verður óskýr eða

brennluð. Hætt er við, að slíkir drengir verði samkynhneigðir. Þeir eru manna líklegastir til að vinna stúlkum og konum tjón fyrir eða síðar.

En bæði piltar og stúlkur eiga það sammerkt, jafnvel þótt tengsl við brottfluttan föður séu bærileg, að finna til söknuðar vegna „föðurmissisins.“ Föðurlingurinn verður sárt. Svo segja vandaðar, bandarískar langtímarannsóknir og löng klínísk reynsla.

En börn verða fyrir áhrifum víðar en á heimilum sínum. Í leikskóla og skóla eru þau t.d. sterk. Hængurinn er sá, að þar starf í yfirgnæfandi meirihluta konur. Og ástæða er til að ætla, að um áhrif góðrar konu þar gildi sama „lögmaál“ og um góða konu heima. Hún kemur ekki í stað góðs karlmanns. Í grannlöndunum austan ála hófst umræða um þess skekkju fyrir áratugum. Í Danmörku hefur komið til tals að greiða karlkyns leikskólakennurum hærri laun. Í Noregi var fyrir nokkrum árum samin sérstök framkvæmdaáætlun í því skyni að fjöldi karlmönnum í uppeldisstéttum. En hægt miðar. Norskir leikskólar eru að tæpum 95 hundradshlutum mannaðir konum. Hver karl er þar umvafinn tuttugu konum. Það segir sig máski sjálft, að í leikskóla (og að töluverðu leyti í grunnskóla einnig) eru menningaráhrifin og gildin kvenleg. Enda telja karlmenn sig oft og tíðum eiga erfitt uppdráttar á þessum vinnustöðum. Sumir grípa jafnvel til þess ráðs að móta eins konar „uppeldislega neðanjarðarhreyfingu,“ þar sem unnt er að iðka karllegt uppeldi „karlhungraðra“ barna.

Það er svo sem ekki að undra, að kvennameningin í leikskólum, sem stundum er nefnd „blómapottasæluvinin,“ liti hugsun og skynjun barnanna. Stundum er það jafnvel spaugilegt eins og þegar litli norskri hnokkinn segir í geðshræringu: „Ég held ég sé kominn á túr.“ Stallbróðir hans íslenskur var boðið að koma í mömmuleik. En það er „eðlilega“ heiti leiksins, þegar lítil börn æfa hlutverkin í fjölskyldunni. Hin skilmerkilega leikystir (sem vafalítið hefur búið í „föðurlúsum“) bauð leikfélaganum föðurlutverkið. Snáðinn svaraði: „Nei, heldur vil ég vera hundur en pabbi.“ Eins og kunnugt er fylgir öllu gamni nokkur alvara. Ég trúir því, að hér sé mikil alvara á ferðum. Það er einnig áhyggjuefni í Noregi, að aðsókn karla í leikskólakennaranám gæti verið að minnka. Að minnsta kosti er svo um skólann í suður Noregi farið. Á því herrans ári 1978 voru karlmenn í þeim skóla 15 af hundradum nemenda. Nú eru þeir 9 af hverjum hundradum nemendum. Árið 1996 var hlutfall karla meðal nemenda allra skóla af þessu tagi þó 13.7%. Stefnt er að því, að um aldamót [2000] verði fimmti hver leikskólakennararnemi karlmaður. Fyrir hartnær þrjátíu árum áttu Norðmenn tvo leikskólakennara af karlkyni, en nú eru þeir þó ornir 687 eða um fimmtungur allra karla, sem starfa á dagvistarstofunum. Í heildina tekið er hlutfall karlkyns starfsmanna í norskum leikskólum 6.65%.

Því miður eru Íslendingar eftirbátar Normanna, hvað hlutfall kynjanna meðal leikskólakennara varðar. Við þurfum um 50 karlkyns leikskólakennara til að standast þeim snúning. Það er fjarri lagi, að svo sé. En við eigum þó Margréti Pálu Ólafsdóttur, sem að öðrum öllu þessari mikilvægu stétt hefur vakandi auga fyrir nauðsyn þess, að starf leikskóla endurspegli þarfir beggja kynja. Lof sé henni og hennar fólki. Á síðustu vikum og ekki síst á Akureyri, má sjá skímu vitundarvakningar í þessum efnunum. Það er gott.